

Þann 1. janúar nk. tekur gildi krafa um að greina skuli frá fyrstu sex stöfunum í tollskrárnúmeri vöru (HS kóða) í farmskrá sbr. m-lið 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru.

Tollyfirvöldum er þó heimilt, til 1. janúar 2026, að veita ábyrgðaraðila farmskrár **undanþágu** frá því að sex stafa tollskrárnúmer vöru komi fram í farmskrá, svo fremi sem hann framvísar **staðfestingu frá Matvælastofnun**, um að stofnuninni sé mögulegt að sinna lögbundnu eftirliti með komu sendinga af dýrum og eftirlitsskyldum afurðum samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum nr. 234/2020 og 869/2024, á vegum hans.

Til þess að fá undanþágu frá „HS6“ skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt.

1. Upplýsa þarf Matvælastofnun strax eftir brottför um komu **sendinga af dýrum og eftirlitsskyldum afurðum frá þriðju ríkjum**. Upplýsingarnar skulu berast stofnuninni með rafrænum hætti og tímanlega áður en sendingin kemur til landsins.
2. Upplýsingarnar skulu vera aðgengilegar og settar fram með þeim hætti að auðvelt sé að fá greinargóða yfirsýn yfir allar sendingar með dýrum og eftirlitsskyldum vörum.
3. Veita skal Matvælastofnun skoðunaraðgang að bókunarkerfi farmflytjanda þannig að stofnunin geti skoðað innihald hverrar sendingar.
4. Ábyrgðaraðili skal bera greiða þann aukakostnað sem til fellur vegna undanþágu þessarar.

Upplýsingar um farmflytjanda / ábyrgðaraðila farmskrár

Nafn	Kennitala
<input type="text"/>	<input type="text"/>
Heimilisfang	Pnr/staður
<input type="text"/>	<input type="text"/>
Símanúmer	Tengiliður/forsvarsmaður
<input type="text"/>	<input type="text"/>
Netfang fyrirtækis	Netfang tengiliðar
<input type="text"/>	<input type="text"/>

- Fylgiskjöl skulu send ásamt umsókn. Ef þörf krefur mun Matvælastofnun kalla eftir frekari gögnum.
- Stofnunin gefur sér 7 daga til að meta umsóknina.
- Verði undanþágan veitt og ef síðar kemur í ljós að ábyrgðaraðili uppfyllir ekki ofangreind skilyrði verður undanþágan felld úr gildi.

Ítarleg lýsing á því hvernig farmflytjandi hyggst uppfylla ofangreind skilyrði vegna HS6 undanþágu.

Framhald:

Umsókn ásamt fylgiskjölum skulu send til bcp@mast.is. Í efnilínu skal skrifa: **Umsókn um HS6 undanþágu**

Undirritun f.h. farmflytjanda / ábyrgðaraðila farmskrár

Staður & dagsetning

Nafn og titill þess sem undirritar f.h. farmflytjanda

Undirskrift